

FRÉTTABRÉF VEIÐIFÉLAGS JÖKLU

Pistill formanns

Ágætu félagar! Árið 2016 var að mörgu leyti viðburðaríkt í sögu veiðifélagsins. Veiði var nokkuð góð þann tíma sem áin var veiðanleg miðað við laxveiðiár víða annars staðar á norðausturhorninu. Rannsóknir sýndu að áfram er aukning í hrygningu í ánni og því aukast möguleikar til sjálfbærni þegar fram líða stundir. Arðskrá var gerð fyrir ána og afgreidd á tveim félagsfundum á haustdögum. Við yfirferð Fiskistofu, sem staðfesta þarf arðskrána og birta síðan í Stjórnartíðindum, kom fram örlítið misræmi í samþykktum og arðskrá. Voru því á aðalfundi 23. apríl sl. bæði breyttar samþykktir og arðskrá teknar til afgreiðslu. Eftir þær breytingar staðfesti Fiskistofa nýja arðskrá fyrir Veiðifélag Jökulsár á Dal. Hefur hún verið send Stjórnartíðindum til birtingar. Er félagið þar með búið að uppfylla skilyrði laga um að setja sér reglur um skiptingu arðs og/eða deilingu kostnaðar milli jarða samkvæmt veiði og eignarhluta að ánni. Gildistími arðskrár er átta ár. Þann tíma þarf að nýta í áframhaldandi rannsóknir á lífríki árinna. Samhliða þarf að vinna botngerðarmat og meta uppeldis-skilyrði sem eru þau atriði sem taka þarf tillit til við endurskoðun arðskrár að átta árum liðnum. Eftir átta ár verður bæði komin betri reynsla á sjálf-bærni árinna og veiðistaði.



Einn af fyrstu löxum sumarsins 2017, 93 sm hængur veiddur í Skipalág við Hallgeirsstaði af Snævari Erni Georgssyni. Ljós. Gunnar Kristjánsson.

Margt bendir til að þessi veiðiá eigi eftir að verða ein af bestu veiðiám landsins, þó duttlungafull sé. Það sem snýr að okkur félagsmönnum er að bæta aðgengi að veiðistöðum og gæta þess að rúlluplast og annað rusl sé ekki í ánni eða við hana. Rusl í og við veiðiá er ekki góð auglýsing við sölu veiðileyfa og skemmir fyrir upplifun þeirra veiðimanna sem sækja okkur heim til að njóta þess að vera í íslenskri náttúru upp á von og óvon um að krækja í sprettharðan lax.

Veiðin 2017 fer ágætlega af stað og þarf í framtíðinni að kanna hvort mögulegt sé að hefja veiði eitthvað fyrr en 1. júlí til að freista þess að ná fleiri veiðidögum fyrir komu yfirfalls. En það byggist auðvitað á því að lax sé kominn í ána þegar hún er opnuð. Að lokum vil ég þakka leigutaka gott samstarf og Veiðimálastofnun sem séð hefur um rannsóknarvinnu sem vonandi verður framhald á í samstarfi við Landsvirkjun. Einnig vil ég þakka félagsmönnum umburðarlyndi og velvilja í garð félagsins og arðskrárnefnd sérstaklega fyrir ósérhlífni við störf í þágu heildarinnar. Með bestu ósk um gott veiðisumar.

Aðalsteinn Jónsson, formaður stjórnar

Arðskrá staðfest

Eins og félagsmönnum er kunnugt þá lauk arðskrárnefnd félagsins störfum sl. haust með tillögu um skiptingu arðs við Jöklu. Sú arðskrá fór gegnum tvo félagsfundi, lögum skv., 5. og 25. nóv. 2016. Var hún síðan send Fiskistofu til staðfestingar. Fiskistofa gerði þær athugasemdir að ekki væri fullt samræmi á milli arðskrár og samþykktu félagsins er varðaði upptalningu á þeim fasteignum sem eiga aðild að félaginu. Ekki voru gerðar efnislegar athugasemdir við arðskrána sjálfa en þess farið á leit við félagið að það endurskoðaði samþykktirnar til að fullt samræmi væri á milli arðskrár og samþykktu.

Á aðalfundi 23. apríl voru samþykktar breytingar á samþykktum félagsins og jafnframt yfirfarin arðskrá frá hendi arðskrárnefndar. Lögum samkvæmt þarf 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna til að gera breytingar á samþykktum og samþykkja arðskrá. Að umboðum meðtöldum náðist sú fundarsókn og því þurfti ekki að boða annan fund.

Fiskistofa hefur nú yfirfarið hvoru tveggja að nýju. Hún gerir ekki athugasemdir við arðskrá né breyttar samþykktir. Nú eru jafnframt liðnir þeir tveir mánuðir sem félagsmenn hafa frá samþykkt á aðalfundi til að gera athugasemdir við arðskrá. Engar slíkar bárust. Fyrsta arðskrá Veiðifélags Jökulsár á Dal hefur því verið staðfest af Fiskistofu og bíður nú birtingar í Stjórnartíðindum ásamt nýjum samþykktum. Arðskráin mun gilda næstu átta árin skv. lögum.

Arðskráin er samtals 8000 einingar sem nefndin skipti á landareignir eftir veiði, bakkalengd og vatnsmagni. 2000 einingar bíða næstu arðskrár og skal deilt út eftir uppeldisskilyrðum þegar búsvæðamat liggur fyrir.

ARÐSKRÁ VEIÐIFÉLAGS JÖKULSÁR Á DAL

Valþjófsstaður	0,28	Sleðbrjótur 2	119,28
Aðalból	4,89	Hlíðarhús	211,29
Laugavellir	2,83	Fagrahlíð	15,94
Brú 1	60,39	Bláeyri	15,94
Brú 2	60,39	Hnitbjörg	19,58
Eiríksstaðir	113,29	Árteigur	14,99
Grund	24,18	Torfastaðir	15,89
Breiðilækur	20,28	Hólmatunga	37,47
Hákonarstaðir 1	20,68	Eyjasel	52,05
Hákonarstaðir 2	20,68	Vaðbrekka	136,17
Hákonarstaðir 3	20,68	Skriðuklaustur	152,75
Langagerði	31,97	Klaustursel	123,58
Arnórsstaðir 3	52,45	Arnarhóll	10,69
Arnórsstaðir 1 og 2	102,30	Merki	95,21
Gilsá	34,27	Arnórsstaðapartur	19,38
Skjöldólfsstaðir 2	14,09	Gauksstaðir	289,01
Skjöldólfsstaðir 1	157,05	Skuggahlíð	107,00
Hjarðarhagi	164,14	Mælivellir	18,48
Hjarðargrund	21,88	Hnefilsdalur 1	58,94
Hofteigur	255,15	Hnefilsdalur 2	58,94
Hvanná 2	103,90	Smáragrund	9,20
Hvanná 1	43,16	Skeggjastaðir	208,09
Hvanná 3	43,16	Refshöfði	41,26
Hauksstaðir	670,63	Teigasel 2	638,76
Hrólfstaðir	63,24	Teigasel 1	25,58
Selland	228,77	Gil	98,50
Fossvellir 1	115,69	Hrúthamrar	208,99
Fossvellir 2	127,77	Blöndugerði	76,13
Hrafnabjörg 1	80,02	Blöndubakki	162,94
Hrafnabjörg 2	74,43	Stóri-Bakki	64,54
Hrafnabjörg 3	37,37	Árbakki	138,16
Hrafnabjörg 4	95,81	S.B.félagsræktun	75,23
Hallgeirsstaðir	541,66	Litli-Bakki	459,34
Vörðubrun	270,83	Hræreklækur	55,25
Surtsstaðir	45,16	Galtastaðir út	102,5
Breiðamörk 1	24,98	Geirastaðir 2	19,48
Breiðamörk 2	24,98	Húsey 1	75,38
Sleðbrjótur 1	119,28	Húsey 2	75,38
		Einingar samtals	8000

Frá aðalfundi

Frá útgáfu síðasta fréttabréfs hafa verið haldnir tveir félagsfundir vegna arðskrár í nóvember og síðan lögbundinn aðalfundur 23. apríl sl. Á aðalfundi voru samþykktar breytingar á samþykktum veiðifélagsins, fyrst og fremst er varðar upptalningu á þeim jörðum eða landareignum sem aðild eiga að félaginu. Var það gert að tillögu Fiskistofu eftir að arðskrá hafði verið send til hennar. Nýjar samþykktir er að finna á heimasíðu félagsins. Arðskrá var einnig afgreidd á aðalfundinum, sjá nánar á bls. 2. Kosið var um tvö sæti í stjórn og þrjá varamenn. Nokkrir gáfu kost á sér og kom til skriflegra kosninga. Þeim lyktaði þannig að Skúli Björn Gunnarsson og Gestur Hallgrímsson voru kosnir aðalmenn til 2ja ára en Halla Eiríksdóttir, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson varamenn til eins árs. Engar breytingar urðu á nefndaskipan.

Ársreikningur 2016 var afgreiddur en helstu niðurstöðutölur hans eru:

Tekjur	2.224.794 kr.
Gjöld	4.026.048 kr.
<u>Fjármagnsliðir</u>	<u>157.419 kr.</u>
Rekstrarhalli	(1.643.835 kr.)
Eigið fé í árslok	5.981.535 kr.

Stefnumið

Stjórn félagsins hefur sl. ár rætt um framtíð Jöklu sem veiðiár. Eftir 10 ár er líklegt að áin verði orðin sjálfbær m.v. rannsóknir, þó að líkindum þurfi alltaf að sleppa gönguseiðum í þverár til að auka fiskgengd neðst. Óvissan um yfirfall er helsti veikleikinn því að erfitt er að selja veiðileyfi marga mánuði fram í tímann upp á von og óvon um hvort menn geti veitt í Jöklu sjálfri eða bara þverám.

Yfirfallið er óviðráðanlegt en veiðifélagið og félagsmenn geta stjórnað ýmsu öðru sem aukið getur framtíðarverðmæti veiðisvæðisins. Stjórn veiðifélagsins þykir því rétt að setja fram stefnumið fyrir félagið til næstu fimm ára. Til stóð að kynna drög að þeim á aðalfundi félagsins sl. vor en af því varð ekki vegna tímaskorts. Þess í stað hafa drögin nú verið sett inn á heimasíðu félagsins og þar geta félagsmenn lagt orð í belg og tekið þátt í að móta framtíðarsýn varðandi veiðisvæðið. Meðal þess sem þar er fjallað um er: Fiskrækt, fiskgengd, nýting, rannsóknir, umhverfismál, aðgengi, eyðing vargs, upplýsingagjöf og fræðsla. Félagmenn eru hvattir til að kíkja inn á heimasíðuna, skoða stefnumiðin og koma á framfæri sínum ábendingum, annað hvort á síðunni eða við stjórnarmenn.

Laxveiðin og seiðasleppingar 2007-2016. Tafla úr skýrslu Veiðimálastofnunar.

Ár	Laxveiði Jökla	Laxveiði Laxá	Laxveiði Kaldá	Laxveiði Fögrh.á	Laxveiði Alls	Fjöldi gönguseiða	Sumaralín smáseiði	1 árs smáseiði
2006					0	4.000		
2007	12	15	75	20	122	40.000		
2008	56	48	59	22	185	41.000	7.000	
2009	35	128	93	63	319	42.700	42.000	
2010	96	91	118	44	349	67.000	25.550	35.000
2011	293	83	131	58	565	55.800	27.050	6.600
2012	177	40	119	49	385	66.100		22.500
2013	282	48	55	26	411	68.000		38.000
2014	186	36	50	34	306	69.500	44.000	21.000
2015	605	61	65	85	816	26.000	23.500	41.600
2016	372	20	82	100	574	33.650		49.000
Alls	2114	570	847	501	4032	513.750	169.100	213.700

Stjórn og nefndir Veiðifélags Jöklu

Stjórn:

Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli
formaður. allij@centrum.is.
s. 895-1085.

Skúli Björn Gunnarsson, Litla-
Bakka, ritari. skulibg@simnet.is.
s. 860-2985.

Pórarinn Hrafnkelsson,
Hallgeirsstöðum, gjaldkeri.
totihelga@simnet.is.

Bragi S. Björgvinsson, Eiríksst.
bragi@eiriksstadir.com

Gestur Hallgrímsson, Blöndubakka
blondub@simnet.is

Varamenn:

Halla Eiríksdóttir, Hákonarstöðum
Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2.

Skoðunarmenn:

Arnór Benediktsson, Hvanná
Jón Helgason, Refshöfða
Snæbjörn Ólason, Hauksst. til vara

Kjörbréfanefnd:

Benedikt Ólason, Gauksstöðum
Hlíðar Eiríksson, Hlíðarhúsum
Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2

Varamenn:

Benedikt Arnórsson, Hofteigi
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Arðskrárnefnd:

Þorsteinn P. Gústafss., Geirast. 2.
Lárus Dvalinsson, Vörðubrun
Gestur Hallgrímsson, Blöndub.
Þorvaldur Pálsson, Hjarðarhaga
Hallgrímur Þórhallsson, Skriðukl.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
fréttabréfs: Skúli Björn Gunnarss.

Fréttir úr starfi félagsins

Merkingar veiðistaða og veiðivega

Vandaðar veiðistaðamerkingar sem samþykkt var að ráðast í árið 2016 eru komnar við nokkra veiðistaði og mun þeim fjölga í sumar. Nokkrir landeigendur hafa einnig verið duglegir að merkja sjálfir veiðistaði sem er af hinu góða því að það tekur nokkur ár að framleiða og koma upp viðarskiltunum. Til þess að gera vegi og slóða að veiðistöðum greinilega fyrir veiðimenn lét veiðifélagið sníða merkingar úr áli í formi lax sem komið verður fyrir þar sem vegir liggja frá þjóðvegi.

Veiðikortagerð

Á síðasta ári komu út fyrstu prentuðu veiðikortin fyrir Jöklu á vegum veiðifélagsins. Eitt fyrir Jöklu I og annað fyrir Jöklu II. Þessi fyrstu kort verða nýtt í sumar en látið nægja að setja uppfærða gerð af þeim inn á vefinn. Eru félagsmenn beðnir um að skoða kortin inni á vefnum og koma athugasemdum við heiti á veiðistöðum eða annað á framfæri við Skúla Björn sem heldur utan um kortagerðina.

Vegagerð og stígagerð

Sumarvinnuhópur Landsvirkjunar hefur aðstoðað veiðifélagið við að búa til og laga göngustíga að veiðistöðum síðustu sumur. Þeirri krafta nýtur einnig við í ár en landeigendur eru jafnframt hvattir til að laga aðgengi eftir mætti. Á síðasta ári fékk félagið 350.000 kr. styrk úr Fiskræktarsjóði til að laga veiðivegi gegn vinnuframlagi landeigenda. Nýlega var tilkynnt að félagið fengi 300.000 kr. styrk í ár sem þá er hægt að veita til vegaframkvæmda. Geta landeigendur sótt um styrk til stjórnar og haft samráð um framkvæmdir.

Heimasíðan www.jokla.org

Opnuð var heimasíða fyrir veiðifélagið vorið 2016. Hefur hún vefslóðina www.jokla.org. Markmiðið með heimasíðunni er að hafa á einum stað gögn aðgengileg fyrir félagsmenn og miðla upplýsingum um starfsemi. Þar er að finna tengingar við rannsóknir og skýrslur sem gerðar hafa verið um vatnasvæðið, hlekkir á myndbönd, ljósmyndir og veiðikort. Samþykktir, fundargerðir og fleiri gögn eru þar einnig. Eru félagsmenn hvattir til að fara inn á síðuna og smella á „follow“ - hnapp sem birtist neðst á síðunni. Þá munu þeir eftirleiðis fá tilkynningu í tölvupósti þegar nýjar fréttir eru settar inn.